



Barnabóli janúar 2006

1. fréttabréf leikskólans Barnabóls 2006

Kæru foreldrar

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir ánægjulegt samstarf og samveru á liðnu ári.

Segja má að árið 2005 hafi kvatt okkur með ótrúlega fallegum blæ hér á Skagaströnd. Með logndrifu og jólasnjó sem jólaljósinn í görðum og gluggum ásamt skoteldunum lýstu upp á ævintýrlegan hátt. Eins og oft áður eru blæbrigði íslenskrar veðráttu mikil og oft stutt milli frosts og funa og nýja árið, 2006, kom með rigningu og gusti á nýjársott og þar með hvarf hvíta slæðann sem prýtt hafði jörðina á gamlársdag.

Gjaldskráin

Ný gjaldskrá leikskólans tók gildi 1. janúar 2006 en hún fylgir neysluvísitölu og er uppfærð samkvæmt henni tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Upplýsingar um gjaldskrána er á deildum og heimasíðunni skagastrond.is.

Börnin á leikskólanum

Í janúar 2006 eru um 43 börn á leikskólanum og allar deildir fullar. Aukin eftirspurn er eftir lengri dvöl og nokkur börn bíða eftir að komast úr fjögura í sex tíma dvöl. Eins og áður sendum við nemendum okkar sem flutt höfðu af staðnum jólakort, en þau eru: Edda Lilja og Katrín Eva sem fluttu til Akraness, Edda Lilja er í 1. bekk og Katrín Eva á leikskóla og Brynja mamma þeirra hringdi og bað fyrir kveðjur frá telpunum. Arnrún Mist, Ástrós Aníta og Victoria Rós fluttu til Hafnar í Hornafirði í haust þar sem þær yngri eru á leikskóla og Victoria Rós í 1. bekk, þær sendu öllum góðar kveðjur og fallega mynd af sér. Eftir sumarfrí flutti Sigríður Sól í Kópavoginn og hóf nám í 1. bekk. Í september flutti Jóhann Almar í Grafarvoginn, sendi móður sína í skóla á meðan hann stundar leikskólanám í hverfinu sínu. Í byrjun desember fluttu svo Rannveig Erla og Guðmundur Grétar til Ólafsvíkur og Rannveig byrjaði strax á leikskólanum Krilakoti. Við fengum jólakveðju og mynd frá Auði Ísold sem er orðin altalandi á dönsku, hún er komin á leikskóla og stefnir á að koma í heimsókn í sumar.

Nýlega byrjuðu á Sæbóli: Bylgja Hrund Ágústsdóttir sem varð 2ja ára 7. janúar s.l. hún byrjaði 15. nóvember. Þann 12. desember byrjuðu Viktor Kári Ágústsson sem varð 2ja ára 17. ágúst 2005 og Thelma Sif Jónasdóttir sem verður 2ja ára 6. febrúar n.k. og 9. janúar byrjar Sindri Freyr Björnsson sem varð 18. mánaða 13. desember 2005.

Nám og starfsmannahald

Sesselja og Lilja voru í 7½ vikna vettvangsnámi í október-desember s.l. og verða í innilotu í KHÍ vikuna 9.-13. janúar og aftur í 3 daga 28/2 til 2/3 og e-h í maí. Sesselja verður í veikindafrii frá 17. janúar í eina og hálfu til tvær vikur. Guðlaug var í 10. vikna vettvangsnámi frá ágúst til nóvember s.l. og verður í launalausum leyfi frá 1/1 til 1/6 '06 til að einbeita sér að lokaritgerð við HA. Hún stefnir á útskrift í júní og er í skólanum alla föstudaga, en hefur ekki alveg yfirgefið okkur þennan tíma því hún mun taka smá afleysingar.

Sigrún *Rakel* Tryggvadóttir var ráðin í stöðu Guðlaugar frá og með 1/1 til 1/6 2006. Nýr starfsmaður í afleysingum er Lilja Nött Sævarsdóttir, *Rúna*,



hún byrjar á að leysa nöfnu sína Lilju Ingólfsdóttur af frá 9.-13. janúar. Súsanna Þórhallsdóttir er komin aftur í afleysingar og leysir Sessý af á sama tíma. Íris verður áfram í afleysingum eftir því sem hún getur.

Fjóla Jónsdóttir er komin með nýtt og stærra fyrirtæk *Saumastofuna Írisi* og óskum við henni til hamingju með það, en þetta þýðir að hún getur lítið verið hér í afleysingum. Margrét Björk er hætt í afleysingum (allavega í bili) þar sem hún á von á barni í janúar og mun einbeita sér að því verkefni - sem við styðjum af heilum hug þar sem það styrkir jú, starfsgrundvöll okkar að fá ný börn á leikskólann og óskum við henni og fjölskyldu góðs gengis.

Í nóvember og desember fengum við skólástúlkurnar Þóreyju Fjólu, Ölmu Eik og Rebekku Maren í afleysingar og það fannst krökkunum verulega skemmtilegt.

Samstarf Tónlistarskólans og leikskólans

Væntanleg verður samstarfið með svipuðu sniðið og s.l. ár, þ.e. að nemendur Tónlistarskólans koma einu sinni til tvisvar í mánuði í leikskólann í tónmenntartíma sínum. Þau sýna okkur hljóðffærin sín og segja hvað þau heita, spila á þau og leika síðan undir söng hjá okkur.

Talið er að tónlistarnám liggi hvað best fyrir fólki sem er á aldrinum 3-12 ára og vonandi verða þessar skemmtilegu heimsóknir hvatning til barnanna að hefja tónlistarnám sem er bæði þroskandi og gefandi. Í dag er einn nemandi leikskólans í Tónlistarskólanum í blokkflautunámi.

Grunnskólaheimsókn

Elstu börnin fara væntanlega í aðra heimsókn sína í grunnskólann í janúar og verður það auglýst til foreldra 5 ára barnanna þegar dagsetningin liggur fyrir.

Skipulagsdagar

Fyrsti (af þrem) skipulagsdögum leikskólans 2006 var mánudaginn 2. janúar, við unnum að skipulagi leikskólastarfisins fyrir vorönnina og samræmingu á milli deilda. Stefnt er að öðrum skipulagsdegi í mars eða apríl vegna skyndihjálparnámskeiðs starfsfólksins og þriðji dagurinn verður væntanlega í september vegna árlegs haustþings allra leikskóla á Norðurlandi vestra.

Þorablótið

Barnabólsbúar blóta Þorrann með hefðbundnum hætti fimmtudaginn 26. janúar n.k. og að venju höldum við upp á þá bræður Bolludag, Öskudag og Sprengidag með viðeigandi hætti.

Sönglögin

Á Lundi er m.a. verið að æfa tvö ný lög af disknum *Á fleyiferð í friðið*:

Ég er lítill api

Ég ætla að gista hjá ömmu í nótt

Á Sæbóli er m.a. verið að syngja: Þumalfingur - hvar ert þú, Afi minn og amma mín, Hjólin á strætó, Upp, upp, upp á fjall og um litina; Gulur, rauður, grænn og blár.

Með kærri kveðju

Þórunn Bernódusdóttir leikskólastjóri
og starfsfólk leikskólans Barnabóls